

## Sagan af Rauðhöfða.

(Upphaf sögunnar er, að eitt haust fóru nokkrir menn af Suðurnesjum út í Geirfuglasker að sækja þangað fugl og egg. Einn þeirra var sonur ekkjunnar á Melabergi í Hvalsnessókn sem af sumum var nefndur Helgi. Meðan þeir voru í skerinu versnaði sjórinn skyndilega. Komust allir um borð í bátinn nema Helgi. Menn reru í land og ætluðu að sækja hann við fyrsta tækifæri, en aldrei gaf svo hann var talinn af. Vorið eftir var farið í skerið, og þá var Helgi þar fyrir heill heilsu. Ekki vildi hann greina frá högum sínum um veturinn. En seinna um sumarið á sunnudegi eftir messu, stóð uppbúin barnsvagga við kirkjudygnar á Hvalsnesi. Enginn viðstaddra kannaðist við barn þetta, þótt spurðir væru. Bárust böndin að Helga en hann þrætti. En þá birtist ung kona skyndilega við vögguna. Þreif hún barnið, sneri sér að Helga og sagði, að fyrst hann vildi ekki kannast við afkvæmi sitt, skyldi hann verða að hinu argasta illhveli í sjó. Hvarf hún síðan með allt saman og sást ekki meira. En það er af Helga að segja að hann ærðist, hljóp í sjóinn og varð að illhveli, með rauðan haus. T.E.).

Rauðhöfði tók sér aðsetur í Faxaflóa og grandaði þar mönnum og skipum svo engum var óhætt á sjó milli Reykjaness og Akraness. Varð það fjaraskinn allur sem hann gjörði illt af sér í skipsköðum og manntjóni, en enginn gat að gjört eða stökkt óvætti þessum burtu, og áttu margir um sárt að binda af hans völdum þó ekki séu þeir nafngreindir neinir sem hann drap eða tölu hafi verið á þá komið. Upp á síðkastið fór hann að halda til á firðinum milli Akraness og Kjalarness og er sá fjörður því síðan kallaður Hvalfjörður.

Þá bjó gamall prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Hann var blindur en þó ern að öðru leyti. Hann átti tvo syni og eina dóttur. Voru systkin þessi öll uppkomin þegar hér var komið sögunni og hin efnilegustu og ann faðir þeirra þeim mjög. Prestur var forn í skapi og vissi jafnlangt nefi sínu. Synir hans reru oft út á fjörðinn á báti til fiskjar. En einu sinni urðu þeir fyrir Rauðhöfða og drekkti hann þeim báðum. Presturinn faðir þeirra heyrði að synir sínir voru drukknadír og svo af hvers völdum. Féllst honum mikið um sonamissinn.

Litlu síðar einn góðan veðurdag biður hann dóttur sína að koma og leiða sig niður að firðinum sem er þaðan ekki alllangt frá bænum. Hún gjörir svo, en prestur tekur sér staf í hönd. Staulast hann nú með tilhjálp dóttur sinnar ofan að sjónum og setur stafinn fram undan sér út í flæðarmálið og styðst svo fram á hann. Spyr hann þá dóttur sína hvernig sjórinn líti út. Hún segir hann vera spegilfagran og sléttan. Að lítilli stundu liðinni spyr karl aftur hvernig sjórinn líti út. Stúlkan segir að utan fjörðinn sjái hún koma kolsvarta rák líkt og stórfiskavaður ösli inn fjörðinn. Og þegar hún sagði rák þessa komna nærri á móts við þau biður prestur hana leiða sig inn með fjörunni og gjörir hún það. Var röstin jafnan á móts við þau og gekk það uns komið var inn í fjarðarbotn. En þegar grynnka fór sá stúlkan að röstin stóð af ákaflega stórum hval sem synti beint inn eftir firðinum eins og hann væri rekinn eða teymdur. Þegar fjörðinn þraut og þar kom að sem Botnsá kemur í hann, bað klerkur dóttur sína að leiða sig upp með ánni að vestan-verðu. Hún gjörði það og staulaðist karlinn upp fjallshlíðina með ánni, en hvalurinn öslaði einatt hér um bil jafnframt þeim upp eftir ánni sjálfri, og var honum það þó örðugt mjög sökum vatnsleysis. En þegar inn kom í gljúfrið sem áin rennur um fram af Botnsheiði þá urðu þrengslin svo mikil að allt skalf við þegar hvalurinn ruddist áfram, en þegar hann fór upp fossinn hristist jörðin umhverfis eins og í mesta jarðskjálfta. Af því dregur fossinn nafn og heitir síðan Glymur og hæðirnar fyrir ofan Glym eru síðan kallaðar Skjálfandahæðir. En ekki hætti prestur fyrr en hann kom hvalnum alla

leið upp í vatn það, sem Botnsá kemur úr og síðan er kallað Hvalvatn. Fell eitt er hjá vatninu og dregur það einnig nafn af atburði þessum og er kallað Hvalfell. Þegar Rauðhöfði kom í vatnið sprakk hann af áreynslunni að komast þangað og hefur síðan ekki orðið vart við hann, en fundist hafa hvalbein mjög stórkostleg við vatnið og þykir það vera sögu þessari til sannindamerkis. En þegar prestur var búinn að koma hvalnum fyrir í vatninu stulaðist hann heim aftur með dóttur sinni og þökkðu honum allir vel fyrir viðvikið.

(Jón Árnason: Þjóðsögur)